

Nd.

88. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga frumvarp þetta, hefir haldið allmarga fundi um málið.

Þegar á fyrsta fundi nefndarinnar kom það í ljós, að nefndin hefði aðallega á tvennt að líta. Annars vegar, að skortur á vjelstjórum eigi gæti orðið gufuskipaúngerð landsmanna að бага, og hins vegar, að ofmiklar undanþágur frá ákvæðum laganna eigi leiddi til þess, að menn kynokuðu sjer við, að leita sjer þekkingar í vjelfræði við vjelafræðideild sjómannaskólans.

Eftir tilmælum útgerðarmanna hafði stjórnin síðastliðinn vetur útvegað bráðabirgðalög um undanþágu frá ofanefndum lögum, og eru þau samhljóða frumvarpi því, er nefndin hefir fengið til athugunar.

Áður en stjórnin fór þess á leit við konung, að hann gæfi bráðabirgðalög um þetta efni, hafði hún leitað álits vjelstjórafélags Íslands, og fengið það svar, að fjelagið væri meðmælt bráðabirgðalögum, en með ákveðnum skilyrðum, er tekin eru fram í brjefi fjelagsins til stjórnarráðsins, dags. 15. jan. þ. á.

En þegar bráðabirgðalögin voru fengin mótmælli vjelstjórafjelagið þeim harðlega, með því að þau eigi fæli í sjer skilyrði þau, er þeir hefðu sett fyrir meðum sínum.

Nefndinni virtist sem nokkur ágreiningur væri milli útgerðarmannanna annars vegar og vjelstjórafélagsins hins vegar, og boðaði því á fund með sjer af hálfu útgerðarmanna þá Jón skipstjóra Ólafsson og Halldór skipstjóra Þorsteinsson,

og af hálfu vjelstjórafélagsins Ólaf Jónsson vjelstjóra á botnvörpunum »Íslendingur« og einn í stjórn félagsins.

Þeir Jón og Halldór mættu svo á nefndarfundi með oss, og skýrðu oss frá skoðunum sínum á málinu, og Ólafur mætti einnig á öðrum fundi og skýrði fyrir oss málið frá sínu sjónarmiði og vjelstjórafélagsins.

Kom það þá í ljós, að hjer var um sára lítinn ágreining að ræða, og að hvorirtveggja vildu ná því markmiði, sem nefndin frá öndverðu hafði álitíð að lögin ættu að stefna að.

Nefndin sá þá og, að til þess að gjöra lögin svo úr garði, að báðir aðiljar mættu vel við una og frumvarp það, sem liggur fyrir deildinni næði tilgangi sínum, varð jafnframt að gjöra nokkrar smávægilegar breytingar á lögunum um vjelgæslu á íslenskum gufuskipum 11. júlí 1911.

Breytingar þær, er vjer leggjum til að gerðar sjeu á frumvarpinu, sem fyrir deildinni liggur og lögunum frá 1911 eru svo auðskildar, þegar tillit er tekið til þess, er vjer teljum aðalmarkmið frumvarpsins, að eigi virðist þörf að skýra þær nánar.

Vjer leyfum oss því að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Fyrirsögn frumvarpsins verði þannig:
Frumvarp til laga um breyting á lögum og viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum.
2. Aftan við fyrri málsgrein frumvarpsins, sem verður 1. gr., bætist:
enda hafi þeir meðmæli eftirlitsmanns með vjelum skips þess, er þeir ætla að verða vjelstjórar á og vjelfræðikennarans við stýrimannaskólann.
3. Ný grein bætist við, sem verður 2. gr. frumv. og hljóði svo:
Með lögum þessum eru úr gildi numin bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum, dags. 2. mars 1911.
4. Bætist við ný 3. gr. svo hljóðandi:
b. liður 3. gr. laga frá 11. júlí 1911 orðist svo:
Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hjer á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, eða hafi stundað járnsmíði á slíku verkstæði í 1 ár og síðan verið undirvjelstjóri með undanþágu í 2 ár, enda hafi hann fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.
5. Komi svo hljóðandi ný 4. gr.:
Aftan við 6. gr. laganna frá 1911 bætist:
eða hafi siglt 2 ár sem yfirvjelstjóri með undanþágu.

Alþingi 11. júlí 1914.

Sveinn Björnsson,
formaður.

Matth. Ólafsson,
skrifari.

Benedikt Sveinsson. Guðm. Hannesson. Björn Hallsson.